

Vestfjarðavegur (60) - mótvægisáðgerð vegna röskunar birkiskóga á framkvæmdasvæði.

Johan Holst, skógfræðingur. 3.10.2023.

Gróðursettar voru í landi Skóga í Þorskafirði 14.950 birkiplöntur sem mótvægisáðgerð vegna röskunar birkiskóga í tengslum við framkvæmdir Vestfjarðavegar um Teigsskóg.

Gróðursett var í um 14 ha svæði.

Trjáplöntur voru ræktaðar í gróðrarstöðinni Sólskógum á Akureyri. Plönturnar voru eins árs, kvæmið var Bæjarstaður, og þær voru ræktaðar í 67 hólfa bakka.

Gróðursetningar stóðu yfir tímabilið 1. - 20. september.

Markmið gróðursetningarinnar var fyrst og fremst að bæta landgæði í rýru landi. Gróðursetningar voru skipulagðar með ásýnd lands í huga (engar beinar línur) og einnig var tekið tillit til þess að ekki yrði þrengt að staðargróðri. Forðast var að gróðursetja í vel gróin svæði eins og berjalymbreiður. Engar plöntur voru gróðursettar í mýrlendi.

Gróðursetningamenn voru með búnað til að rekja gróðursetningar, þær upplýsingar munu síðar koma að góðum notum, svo sem við áburðargjöf og árangursmat.

Gæði gróðursetninganna voru metnar reglulega með 50 m² mælifleti þar sem var skoðað staðarval, dýpt plantna og bil milli plantna. Niðurstaða gæðamatsins var meira en ásættanleg.

Árangursmat og áburðargjöf verður gert vor 2024.



Mynd 1. Hluta á skógræktarsvæðið í landi Skóga. Ekki var gróðursett í lyngbreiður eða mýrlendi.



Framkvæmdaskráning

Birki

Jörð: Skógar
Sveitarfélag: Reykhólahreppur

Kortagerð: Johan Holst

Mælikvarði: 1:6,000 Dagsetning: 05/10/2023



Mynd 2. Framkvæmdaskráning.